

Einu sinni fyrir langa löngu var lítill prins sem fannst gaman að leika sér í skóginum. Honum fannst hins vegar ekki gaman þegar kóngurinn og drottningin sögðu að hann þyrfti að fara í skóla til að læra að lesa. Honum fundust bókstafirnir bara blandast saman og ekki hægt að þekkja þá í sundur.

Hann var meira að segja búinn að semja vísu um hvað honum fannst leiðinlegt að læra bókstafi. Viljið þið heyra hana?

**Bjánalegir bókstafir  
blandast allir saman.  
Mig langar ekki að læra þá  
- að LEIKA, það er gaman!**

Litli prinsinn vildi miklu frekar vera allan daginn að leika sér í skóginum og að skoða og rannsaka allt sem hann fann. Hann var til dæmis búinn að finna fallegan kringlóttan óskabrunn í einu rjóðrinu í skóginum. Brunnurinn lýsti svo fallega og prinsinn var að reyna að átta sig á því hvernig hann virkaði.

Nú vildi þannig til að einmitt þá kom vondur galdrakarlfjúgandi á kústinum sínum. Prinsinn hafði verið að söngla litla vísuna sína og galdrakarlinn heyrði það og hló með sjálfum sér. „Hah, hah, nú ætla ég að vera reglulega vondur og hrekkja þennan litla prins sem nennir ekki að læra að lesa.“

Hann flaug að prinsinum og sagði við hann: „Nú legg ég þig í álög, litli prins. Ég breyti þér í frosk, og ég legg það á þig að þú getir ekki losnað úr þeim álögum og orðið aftur að strák fyrr en þú ert búinn að læra alla bókstafina. Og ekki nóg með það, þú verður að fá þennan óskabrunn til að sýna þér stafina!“

Greyið froskurinn! Þarna sat hann við óskabrunninn og horfði niður í vatnið. Hann reyndi að óska sér að það birtust bókstafir í vatninu. En ekkert gerðist! Þangað til ...

